

|                                         |                                                              |
|-----------------------------------------|--------------------------------------------------------------|
| <b>Verknúmer</b><br>1021                | <b>Verkkaupi</b><br>Ísfélag hf. _ Þórshöfn                   |
| <b>Dagsetning</b><br>26.janúar 2026     | <b>Verkpáttur</b><br>Lýsing á framkvæmd                      |
| <b>Unnið af</b><br>Knútur Jónasson      | <b>Staðsetning / Lýsing</b><br>Eyrarvegur<br>Ískaraskýli.    |
| <b>Tengiliður</b><br>Siggeir Stefánsson |                                                              |
|                                         | <b>Dreifing:</b> Sveitarfélagið Langanesbyggð, Ísfélagið hf. |

Varðandi afgreiðslu skipulagsnefndar Langanesbyggðar á 47.fundi sínum þann 20.janúar síðast liðinn er varðar umsókn um byggingarleyfi fyrir Ískarahúsi, sjá úrklippu úr fundargerð.

**7. Umsókn um byggingaleyfi frá Faglausn fh. Ísfélags um byggingu „Ískarahúss“ sunnan við frystihús.**

07.1 Tillaga – grunnmynd

07.2 Útlit og snið

Um er að ræða viðbyggingu sunnan við frystihúsið, óupphitað skýli fyrir kór sem ísvél dælir í. Byggja þarf utanum kór til að ekki komist óhreinindi í ísinn.

Bókun um afgreiðslu: Skipulags- og umhverfisnefnd hafnar erindinu á þeim grundvelli að byggingin er utan skilgreinds byggingareits á deiliskipulagi. Nefndin bendir jafnframt á að fjarlægð frá stálþili sé undir 19 metrum sem er fjarlægðin sem stögin frá þilinu ná. Samkvæmt 11. gr. reglugerðar um hafnarmál nr. 326/2004 skulu mannvirki ekki vera nær en 30 metra frá bryggjukanti þar sem dýpi við bryggju er 8. metrar eða meira.


Til að koma til móts við ábendingar nefndar þá er lagður fram uppfærður uppdráttur þar betur er skýrt fram á teikningum að bryggjuþekja yrði ekki rofin heldur yrði steypum sökkulveggjum verður komið fyrir ofaná þekju, og fest með teinum ofaní hana til að koma í veg fyrir hliðarskrið. Engin þörf er á að grafa ofaní núverandi þekju.

Stærð (þyngd) á sökkulvegg miðast við að dreifa álagi á þekju sem og að halda húsi niðri. Eins er teikningu breytt til að auka lengd frá bryggjukanti, húsið mjókkað um 1,2m og stendur því um 13,7m frá bryggjukanti.


Framkvæmd er ekki ríkisstyrkt og því ákvæði 11.greinar um upptalningu vegna styrkhæfis ekki það hentugasta.

Með vísan í þessar breytingar þá er óskað eftir því að nefndin taki málið upp miðað við breyttar forsendur og kanni hvort að með einhverjum hætti sé hægt að koma til móts við þessar þarfir.

Hjálög Tillöguteikning dagsett 26.jan.2026.





1 AFSTAÐA  
1 : 500



3 Snið Íshús  
1 : 50


2 Grunnmynd Íshús  
1 : 50



4 Ásýnd Íshús  
1 : 100

4

5 Ásýnd SA Þrívídd



**Lýsing:**  
34,4 fermetra viðbygging við Frystihús að Eyrarvegi 12. MHL 16.  
Óeinangruð og ókynnt bygging/skýli fyrir kör sem taka við ísframleiðslu og hlífa við veðri og óhreiningum (fuglar, ryk)

Burðarvirki timbur/stál á steypum sökkulveggjum, sem hvíla á þekju.  
Ekki er grafið klætt með hvítri trapisuklæðningu á útveggi, blátt báruál á þaki.  
Ekki er hreyft við þekju heldur hvílir húsið á sökkulveggjum sem sitja ofaná bryggjuþekju.

TILLAGA

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: | Útg.af: |
|------|-------|---------|--------|---------|
|------|-------|---------|--------|---------|



## Íshús - Aðstaða fyrir ískör

Eyrarvegur 12, 680 Þórshöfn

Nýbygging

### Grunnmynd\_Snið

|            |    |             |              |
|------------|----|-------------|--------------|
| Hannað:    | KJ | Blaðastærð: | 16           |
| Teiknað:   | KJ | Mælikvarði: | As indicated |
| Yfirfarið: | AE | Dagsetning: | 26.01.2026   |

Aðalhönnuður:

1012

Verknúmer

Hönnunarstjóri: KJ

A.1.

Teikninúmer

Útgáfa

1:100 0 1 2 3 4 5 m

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI